

52. stjórnarfundur haldinn í Reykjavík þann 1. nóvember 2011

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Hjalti Þór Vignisson, Björn Ármann Ólafsson, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson. Elín Heiða Valsdóttir boðaði forföll.

Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 10:30

1. Samþykki dagskrár

Dagskrá samþykkt með breytingartillögum sem komu fram.

2. Samþykki fundargerðar 21. september og 12. október 2011

Framlagðar fundargerðir samþykktar með áorðnum breytingum.

3. Frumvarp til fjárlaga 2012-framvinda

Kristveig og Þórður gerðu grein fyrir vinnu á milli funda.

Stjórn vildi að beiðni hennar og rök fyrir auknum fjárheimildum til þjóðgarðsins yrðu kynntar fjármálaráðherra og fjárlaganefnd og samþykkti að Kristveig sendi umhverfisráðherra erindi þar sem óskað væri eftir stuðningi við slíka kynningu..

4. Fundur með stjórn Hollvinasamtaka Vatnajökulspjóðgarðs; Vinir Vatnajökuls - dagskrá

Lögð fram viljayfirlýsing á milli VV og VJP. Farið yfir samstarfsfleti og áhugaverð verkefni sem aðilar geta unnið að saman.

5. Aðgerðaáætlun

Þórður kynnti drög að aðgerðaáætlun. Stjórn fagnar framkominni aðgerðaáætlun.

6. Hreindýr

Rósa vakti máls á dauðum og slösuðum hreindýrum á Mýrum í Hornafirði og sagði frá ferð sinni austur sl. helgi. Sagði að umrætt svæði væri á jaðarsvæði þjóðgarðsins. Hjalti gerði grein fyrir vinnu sveitarfélagsins í málinu og samtölum við bændur og fleiri.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs telur mikilvægt að viðeigandi stjórnvöld gæti að velferð hreindýra og hagsmunum hlutaðeigandi aðila á umræddum svæðum.

Framkvæmdastjóra falið að senda bókunina til viðeigandi stofnana.

7. Önnur mál

- Stjórnarfundir-fundarform

Björn Ármann sagði mikilvægt að breyta verklagi á fundum. Taldi að góð kynning á málum fyrir fundi myndi stytta þá. Sagði jafnframt að ástæða væri að halda aukafundi ef stór mál væru í vinnu sem þarfnist góðrar umræðu. Jafnframt að kynning ætti að vera á öllum fundargerðum

svæðisráða. Framkvæmdastjóra falið að vinna að því að fundarmönnum séu sendar fyrir hvern fund eins ítarlegar upplýsingar um málefni fundarins og auðið er. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að sjá til þess að bæta inn föstum fundarlið um fundargerðir svæðisráða.

- **Sameining stofnana - Vatnajökulspjódgarður**

Kristveig gerði grein fyrir vinnu á milli funda. Hún hafi rætt við starfsmenn umhverfisráðuneytisins um bráðabirgðarákvæði í lögum um endurskoðun laga um stjórnfyriorkomulag þjóðgarðsins.

- **Samráð um samgöngur**

Kristveig upplýsti að von er á niðurstöðum starfshóps um samgöngur í nóvember.

- **Umsókn um aðild að Europarc og önnur erlend samskipti**

Þórður fór yfir málið. Stjórn styður umsókn um aðild að Europarc.

- **Framvinda verkefna á milli stjórnarfunda**

Þórður gerði grein fyrir stöðunni á ýmsum verkefnum. Lagði fram yfirlit um það dags. 25. okt. 2011. Formaður óskaði að yfirlitið og framvinda verkefna yrði kynnt á hverjum fundi.

- **Landsvæði við Dettifoss að vestan**

Þórður og Böðvar gerðu grein fyrir framvindu málsins. Böðvar lagði til að leitað yrði eftir samstarfi við landeigendur og sveitarfélag um deiliskipulagningu á svæðinu. Þórði og Böðvari falið að halda áfram með málið.

- **Efnistaka á hálendinu**

Stjórn felur framkvæmdastjóra að sjá til þess að gerð verði tillaga að breytingu að texta fyrir stjórnunar- og verndaráætlunar þannig að þjóðgarðsvörðum verði gefin heimild til að veita leyfi til minni háttar efnistöku innan þjóðgarðs. Einnig þarf að kanna möguleika á efnistökusvæðum innan þjóðgarðsins.

- **Vegur að Lakagígum**

Þórður gerði grein fyrir framvindu málsins. Sagði að dregið hafi úr umferð inn á svæðið og talið væri að líkleg ástæða sé að vegurinn er torfær nema fyrir sérútbúna bíla. Sagði að fundur Vegagerðarinnar, sveitarfélagsins og þjóðgarðsins hafi verið haldinn um málið. Áður en ráðist verði í vegbætur þurfi að taka ákvörðun um framtíðarvegstæði.

Formaður lagði til að farið yrði ofan í saumana á þolmörkum svæðisins og áformum um uppbyggingu innviða á svæðinu og í framhaldi af því yrði tekin ákvörðun um gæði vegarins.

- **Fjárstuðningur við þekkingaröflun og þjálfun fastráðinna starfsmanna**

Þórður fór yfir málið.

8. Næsti stjórnarfundur 14. desember á Kirkjubæjarklaustri.

9. Fundur með stjórn Hollvinasamtaka Vatnajökulspjóðgarðs; Vinir Vatnajökuls

Rætt um viljayfirlýsingu á milli aðila, samstarfsverkefni og samskipti milli aðila.

Fundi slitið klukkan 17:10